

2. gr.

Heimilt er hreppsnefnd Miklaholtshrepps að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsnefndarinnar.

Skal heimilt að verja allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

ORKULÖG.**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI**Um Orkustofnun.****1. gr.**

Orkustofnun starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Stofnunin tekur við öllum eignum og tekur á sig efndir á skuldbindingum embættis raforkumálastjóra að undanskildum þeim, er um ræðir í 56. gr.

2. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál.
2. Að annast:
Yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra;
yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmasta hátt á hverjum tíma;
aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og ef við á gegn greiðslu.
3. Að halda skrá um orkulindir landsins. Skulu tilgreindar í skránni allar þær upplýsingar, sem máli skipta, eins og þær eru bezt vitaðar á hverjum tíma.
4. Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma.

5. Að safna skýrslum um orkuvinnslu, orkuinnflutning og útflutning og um orku-notkun þjóðarinnar, vinna úr þeim og gefa út. Að semja ár hvert og gefa út yfirlit um rekstur orkumannvirkja og um orkumál landsins í heild.
 6. Að fylgjast í umbóði ráðherra með rekstri rafmagnsveitna, hitaveitna, orkuvera, jarðhitasvæða og annarra meiri háttar orkumannvirkja.
 7. Að stuðla að samvinnu allra aðila, sem að orkumálum starfa, og vinna að samræmingu í rannsóknnum, framkvæmdum og rekstri á sviði orkumála.
 8. Að hafa af hálfu ríkisins yfirsýn með eftirliti með raforkuvirkjum og jarðhitavirkjum til varnar hættu og tjóni af þeim.
 9. Að hafa umsjón með öllum fallvötnum og jarðhitasvæðum í eigu ríkisins, halda skrá yfir þau með greinargerð fyrir skilyrðum til hagnýtingar þeirra, eins og bezt er vitað á hverjum tíma, og láta ríkisstjórninni í té vitneskju um þetta.
- Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar, þar á meðal skiptingu hennar í deildir, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

3. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar. Nefnist hann orkumálastjóri. Hann skal hafa verkfræðilega menntun. Ráðherra setur orkumálastjóra erindisbréf.

4. gr.

Ráðherra skipar Tækninefnd Orkustofnunar, orkumálastjóra til ráðuneytis í tæknilegum og fjárhagslegum efnum, svo og til að auðvelda samvinnu allra hlutaðeigandi aðila.

Í nefndinni skulu eiga sæti:

- a. Orkumálastjóri, sem jafnframt er formaður Tækninefndar.
 - b. Tæknimenntaðir fulltrúar tilnefndir af Landsvirkjun, Sambandi ísl. rafveitna, Sambandi ísl. hitaveitna, Rafmagnsveitum ríkisins, Rannsóknaráði ríkisins og hagfræðimenntaður fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar. Þar til samband hitaveitna á Íslandi verður stofnað, tilnefnir Hitaveita Reykjavíkur fulltrúa í þess stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Tækninefnd getur kallað fleiri menn til starfa, þegar nauðsyn ber til vegna þeirra verkefna, sem þar eru til meðferðar hverju sinni.
- Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti Tækninefndar Orkustofnunar skulu sett í reglugerð. Ráðherra ákveður starfskjör tækninefndarmanna.

5. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Orkustofnunar að fengnum tillögum orkumálastjóra. Fast starfsfólk Orkustofnunar skal taka laun samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962.

6. gr.

Orkustofnun lætur sveitarfélögum og öðrum aðilum í té leiðbeiningar og upplýsingar um orkumál, þegar þess er óskað og eftir því sem við verður komið, gegn hæfilegu endurgjaldi.

II. KAFLI

Um vinnslu raforku.

7. gr.

Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw þarf leyfi Alþingis.

Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kw þarf leyfi ráðherra raforkumála.

Dá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw án sérstaks leyfis.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.

8. gr.

Umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skulu sendar ráðherra raforkumála, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega, eða fær það Alþingi til meðferðar.

III. KAFLI

Um vinnslu jarðhita.

9. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

10. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita, eins og honum þykir best henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hættu af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

11. gr.

Nú liggja landamerki um jarðhitasvæði, þannig að einhver hluti jarðhitans liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefur til jarðhitans.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar, skal mat skera úr.

12. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar jarðhita á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búþarfa.

13. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt, er svo stendur á.

14. gr.

Þegar almenningshagsmunir krefjast þess, er ríkisstjórninni heimilt að taka jarðhita eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því, að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

15. gr.

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

16. gr.

Nú er jarðhiti tekinn eignarnámi, og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, þar sem hann á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki. Þeim er einnig skylt að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu. Fullt endurgjald skal koma fyrir. Náist ekki samkomulag, skal það ákveðið með mati.

17. gr.

Um hagnýtingu og hvers konar ráðstöfun jarðhita, sem er í eigu ríkisins, skal leita umsagnar Orkustofnunar, áður en til ráðstöfunar kemur.

IV. KAFLI**Um héraðsrafmagnsveitur.****18. gr.**

Héraðsrafmagnsveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hvern héraðsrafmagnsveitu, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags.

Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforkunnar um orkuveitusvæðið.

Þrátt fyrir einkarétt skv. þessari gr., getur ráðherra veitt Landsvirkjun leyfi til orkusölu til stórra notenda skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun.

19. gr.

Taki orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi, eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er $\frac{3}{4}$ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., hefur bæjarstjórn eða sveitarstjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 18. gr.

20. gr.

Alls staðar annars staðar en um getur í 19. gr. og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neytir eigi réttar síns samkv. þeirri grein, hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafmagnsveitu og hljóta til þess einkarétt samkvæmt 18. gr.

21. gr.

Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkv. 18. gr., og skal ráðherra þá tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og Rafmagnsveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 19. og 20. gr. Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 19. og 20. gr., getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabíl.

22. gr.

Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtinga- blaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins.

Nú eiga einstakir menn, félag eða héruð rafmagnsveitur á því svæði, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

23. gr.

Héraðsrafmagnsveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 18. gr., er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar, með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

24. gr.

Um héraðsrafmagnsveitu, sem hlýtur einkarétt samkv. 18. gr., skal setja reglu- gerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur veitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raf- orkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

25. gr.

Gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu, sem fellur undir ákvæði 24. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjald- skrá má ákveða sérstakt heimtaugargjald, sem greiðist þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að 80% stofnkostnaðar héraðs- rafmagnsveitna, að fenginni umsógn Orkustofnunar.

V. KAFLI**Um hitaveitur.****27. gr.**

Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitu- svæði, frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Þeir aðilar, sem nú hafa einkaleyfi til að starfrækja hitaveitu, skulu halda þeim rétti.

28. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 27. gr., getur sveitarfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

29. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 27. og 28. gr. skulu fylgja fullnægjandi uppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að fengnu álitni Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

30. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 27. og 28. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkvæmt ákvæðum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 80% upphaflegs stofnkostnaðar hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni, svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

31. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land, þar sem leiðslur hitaveitu sveitarfélags verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land, landsafnot og mannvirki, sem þarf til þess að veita megi vatninu um veitusvæðið. Þeim er einnig skylt að þola grjóttak, malartekju og aðra jarðefnatöku, svo og eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kann að hafa í för með sér. Fullar bætur komi fyrir eftir mati, ef samkomulag næst ekki.

32. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til að annast pípulagningavinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

33. gr.

Nú vill sveitarfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 27. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn Orkustofnunar, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhúspípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 27. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

34. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 28. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

35. gr.

Nú hefur félag komið á hitaveitu í þágu almennings fyrir gildistöku laga þessara og annast rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem sveitarfélag væri.

Rétt á bæjarstjórn eða hreppsnefnd að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

VI. KAFLI**Um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim.****36. gr.**

Raforkuvirki, hvort heldur til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárrí spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni, að lífshætta eða hættu á heilsutjóni eða eignatjóni geti stafað af, skulu vera þannig úr garði gerð, þannig notuð, þannig við haldið og þannig eftir þeim lítið, að hættu af þeim verði svo lítil sem við verður komið.

37. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, en þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

- a. hvort raforkuvirki hafa í för með sér hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja;
- b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum;
- c. hver eigi að koma þeim í verk, og
- d. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

38. gr.

Orkustofnun hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti af hálfu ríkisins með því, að fullnægt sé ákvæðum þessara laga og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum.

Nefnist eftirlitsstarfsemin Rafmagnseftirlit ríkisins.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal rekið sem fjárhagslega sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi.

39. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Orkustofnunar, framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins, að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra.

Fast starfsfólk Rafmagnseftirlits ríkisins skal taka laun samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962.

40. gr.

Undanþegin eftirliti Rafmagnseftirlits ríkisins eru raforkuvirki í farartækjum, svo sem skipum, bifreiðum og flugvélum.

Ef ágreiningur verður um, hvort tiltekin raforkuvirki falla undir Rafmagnseftirlit ríkisins eða ekki, sker ráðherra úr.

41. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

- a. Gerð, setningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hættu getur stafað af.
- b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum.
- c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrir mælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
- d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
- e. Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.
- f. Skyldu stjórnna rafmagnsveitna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í hága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa Rafmagnseftirliti ríkisins eða héraðsrafmagnsveitum í umboði þess að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja og loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, sem hlíta ekki ákvæðum reglugerðarinnar, svo og að taka löggildingu um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
- g. Ábyrgð eigenda, umráðamanna og notenda raforkuvirkja á ástandi og meðferð þeirra. Í reglugerð má m. a. einnig setja ákvæði um, að raforkuvirki sé ekki til lýta.

42. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða með reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem má vera allt að 1% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og söluskatti.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá meðal annars miða gjaldið við stærð rafala í raforkuveri.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrir mælum í reglugerð. Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð, að þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra

eða gera þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð þeirra eða söluverð þeirra frá innlendum framleiðanda. Má gjald þetta nema allt að $\frac{3}{4}$ % af verðinu. Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að innheimta megi sérstök prófunar- og skrásetningargjöld af slíkum rafföngum.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri og notkun virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjaldddaga.

43. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum, sem það hefur eftirlit með, og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir, er það telur nauðsynlegar. Því er heimilt að kanna tæki og aðra hluta raforkuvirkja hjá verzlunum, framleiðendum og öðrum, er hafa þau til sölu eða leigu.

Rafmagnseftirlitið getur hvenær sem er tekið í sína vörzlu eða innsiglað viðurkenningarskyld tæki og aðra hluti raforkuvirkja, sem ekki eru færðir til prófunar í tæka tíð eða ástæða er til að ætla, að notaðir verði án heimildar rafmagnseftirlitsins.

44. gr.

Með dómi er heimilt að gera upptæk þau rafföng, sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt öryggisfyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

45. gr.

Starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu um það, er þeir kunna að komast að í starfi sínu, um viðskiptaleyndarmál og annað, sem leynt á að fara.

VII. KAFLI

Um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim.

46. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns, er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt samkvæmt matsgerð til varnar landi eða landsnyttjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita, sem heimil er að lögum.

47. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð, að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

48. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði, sem hætta stafar af.

49. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað, sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók, þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafizt þess, að borkjarnar og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir, er þeim, sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað, er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

50. gr.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum og til varnar gegn spjöllum á hverum og laugum og á jarðhitasvæðum almennt.

51. gr.

Orkustofnun annast eftirlit af hálfu ríkisins með jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum, sbr. 50. gr.

VIII. KAFLI**Um jarðboranir ríkisins.****52. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskygni og til vinnslu viðs vegar um landið til hagnýtingar jarðhitans í hitaveitum og til ræktunar og iðnaðar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkustofnunar, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest.

53. gr.

Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og aðra aðila, sem óska þess, eftir því sem við verður komið og gegn greiðslu borkostnaðar.

Um þetta skal gerður samningur hverju sinni.

54. gr.

Jarðborar ríkisins skulu reknir sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Ráðherra felur Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur það betur henta, að annast rekstur jarðbora ríkisins.

IX. KAFLI**Um Rafmagnsveitur ríkisins.****55. gr.**

Ríkisstjórnin starfrækir rafmagnsveitur, sem eru eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita Rafmagnsveitur ríkisins.

56. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins taka við eignum og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og Héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem stofnaðar voru með lögum nr. 12 2. apríl 1946, með þeim réttindum og skuldbindingum, sem því fylgir.

57. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins. Nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins. Rafmagnsveitustjóri ríkisins hefur á hendi stjórn á rekstri fyrirtækisins og framkvæmdum þess undir umsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Ráðherra ræður aðra fasta starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins, að fengnum tillögum forstjóra þeirra. Fast starfsfólk Rafmagnsveitna ríkisins skal taka laun

samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Nánari ákvæði um starfssvið rafmagnsveitustjóra ríkisins skulu sett í reglugerð.

Ráðherra skipar rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis nefnd þriggja manna og **skal einn þeirra tilnefndur af Orkuráði**, en tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annar þeirra sem fulltrúi strjálbýlis, en hinn þéttbýlis. Um starfssvið nefndarinnar skal nánar ákveðið í reglugerð.

58. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni — annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki — að framleiða, dreifa og selja raforku, hvort heldur er í heildsölu eða í smásölu á tilteknu orkuveituvæði, enda gegni önnur héraðsrafmagnsveita eigi því hlutverki.

Til þess að ná tilgangi þessum hafa Rafmagnsveitur ríkisins heimild til hvers konar samninga við aðra aðila, enda sé í öllu fylgt fyrir mælum laga þessara við gerð þeirra.

59. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins afla fjár til nýrra mannvirkja með heimtaugargjöldum neytenda, með lántökum og ráðstöfun fjár úr fyrninga- og varasjóði rafmagnsveitnanna.

Rafmagnsveitur ríkisins fá enn fremur stofntillag, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, til byggingar veitna í strjálbýli, þegar áætlanir sýna, að tekjur af veitunni muni ekki nægja til að standa straum af tilkostnaði hennar.

60. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, skal rafmagnsveitustjóri hafa í samvinnu við Orkustofnun athugað, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þeirra notenda, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til.

Að lokinni þeirri athugun sendir rafmagnsveitustjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Tillögum sínum lætur rafmagnsveitustjóri fylgja fullnægjandi kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði til orkuvinnslu eða orkukaupa og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum, svo og tillögur um fjáröflun til framkvæmda.

Ef ráðizt er í framkvæmdir, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

61. gr.

Nú telur ráðherra, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur á vegum Rafmagnsveitna ríkisins eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ráðherra fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjunum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. getur rafmagnsveitustjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitu, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, að fengnu samþykki ráðherra.

62. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra og umsögn Efna- hagsstofnunarinnar, gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Í gjaldskrá skal tilgreina:

1. Verð í heildsölu fyrir orku, sem seld er héraðsrafmagnsveitum.
2. Verð fyrir orku, selda beint til notenda.
3. Heimtaugargjöld notenda.
4. Önnur gjöld.

63. gr.

Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins af raforkusölu skal varið til að mæta rekstrar-kostnaði þeirra og óhjákvæmilegri eignaaukningu, þar með talin orkukaup, stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur, fyrning eigna. Enn fremur er heimilt að leggja allt að 10% í varasjóð.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í Orkusjóð.

64. gr.

Rafmagnsveitustjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafmagnsveitnanna. Í reikningi þessum skal m. a. aðgreint, hvernig kostnaður skipt-ist á vinnslu, aðalorkuflutning og dreifingu raforkunnar.

Enn fremur sendir rafmagnsveitustjóri kostnaðarreikning yfir þau virki, sem eru í smíðum, og skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um nýjar framkvæmdir, lán-tökur og önnur fjárframlög.

65. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að því er varðar Rafmagnsveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. Stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningar, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir.
2. Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna.
3. Skilyrði, sem Rafmagnsveitur ríkisins mega setja héraðsrafmagnsveitum, sem kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja Rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir þá orku, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

X. KAFLI

Um Orkusjóð.

66. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans.

67. gr.

Orkusjóður tekur við öllum eignum Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs, eins og þær eru við gildistöku þessara laga, og öllum skuldbindingum beggja sjóðanna.

68. gr.

Tekjur Orkusjóðs eru:

- a. Vextir af fé sjóðsins.
- b. Fé það, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
- c. Rekstrarhagnaður af Rafmagnsveitum ríkisins og jarðborunum ríkisins.
- d. Endurgreiddur kostnaður af rannsóknum, jarðhitaleit og jarðborunum, sbr.

73. gr.

Orkusjóður tekur auk þess lán til starfsemi sinnar, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum eða með heimild í sérstökum lögum.

69. gr.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum Orkuráðs, undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkusjóðs.

Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

Orkuráð gerir tillögur um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði, samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins, og leitar staðfestingar ráðherra á þeim tillögum. Orkuráð gerir enn fremur tillögur um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli, skv. 2. mgr. 59. gr.

70. gr.

Orkusjóður skal vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglegan rekstur hans og bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Orkusjóðs fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá Orkuráði til úrskurðar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

71. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir á sviði orkumála.

Úr Orkusjóði er heimilt:

1. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum rafmagnsveitum til almenningsþarfa lán til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, og skulu þau veitt af því fé, sem Orkusjóði er veitt í fjárlögum í því skyni eða aflað með lántökum í þeim tilgangi.
2. Að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán að upphæð allt að $\frac{2}{3}$ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg.
3. Að veita einstökum bændum, sem svo eru í sveit settir sem um getur í tölu-lið 2, lán til að koma upp mótoraftöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að $\frac{1}{2}$ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar.
4. Að veita einstaklingum og opinberum aðilum lán til leitar að jarðhita með jarðborunum og öðrum aðferðum.
5. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða héraðsrafmagnsveitum af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, styrk til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga. Styrkinn skal veita sem stofntillag, er má nema allt að þeirri fjárhæð, sem byggingarkostnaður veitunnar er umfram það, er hún getur staðið undir.

72. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánskjör Orkusjóðs.

Lán, sem veitt eru samkvæmt 71. gr. 4. tl., skulu vera að fullu endurgreidd

sjóðnum eigi síðar en fimm árum eftir að hafizt er handa um framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leitina.

Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði, fellur niður endurgreiðsluskylda lántaka skv. 71. gr. 4. tl.

73. gr.

Ef ráðizt er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerðum á vegum Orkustofnunar, skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hafizt er handa um hagnýtingu framkvæmdanna.

74. gr.

Orkustofnun getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum, sem Orkusjóður veitir fé til.

Er skylt að láta stofnuninni fyrirfram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins, er hún telur þörf á til að stuðla að sem beztum árangri. Ber að hlýða fyrirrmælum hennar í þessum efnun. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins, ef út af er brugðið og Orkustofnun óskar þess.

XI. KAFLI

Almenn ákvæði.

75. gr.

Matsgerðir samkvæmt lögum þessum skulu dómkvaddir menn framkvæma. Um matsgerðir fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga nr. 15 frá 1923, nema annað sé fram tekið í lögum þessum.

76. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu rafmagns og hitaorku, ef ekki er staðið í skilum á greiðslu fyrir þau á settum gjalddaga.

77. gr.

Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Orkusjóður og jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

78. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

79. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð, þar á meðal ákvæði um skyldu einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til að láta Orkustofnun í té skýrslur um atriði, er orkumál varða og Orkustofnun þarf á að halda til að geta sinnt hlutverki sínu; um skyldu til samningsgerðar um samrekstur orkuvera, þar sem tveir eða fleiri aðilar annast vinnslu raforku inn á samtengt kerfi.

80. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

81. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin raforkulög nr. 12 2. apríl 1946, svo og lög nr. 36 1. maí 1947 og lög nr. 58 25. maí 1949, um breytingar og viðauka á þeim lögum; lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita; lög nr. 114 30. des. 1943, um breytingu á þeim lögum; lög nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, lög nr. 7 11. marz 1946, um girðingar kringum hverri og laugar, og lög nr. 55 29. marz 1961, um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins, svo og öll ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

82. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1967.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gærkvöldi úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 4. maí 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.